



Borgarráð

***Félagssamþykktir Fulltrúaráðs Listahátíðar í Reykjavík***

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagða breytingatillögu á félagssamþykktum Fulltrúaráðs Listahátíðar í Reykjavík. Síðustu félagssamþykktir Fulltrúaráðs eru frá árinu 2008 sem jafnframt eru hjálagt.

Dagur B. Eggertsson  
borgarstjóri

Hjálagt:

Breytingartillögur á félagssamþykktum fyrir Fulltrúaráð Listahátíðar í Reykjavík, ódags.

Eldri félagssamþykktir Fulltrúaráðs Listahátíðar í Reykjavík, samþykktar á aðalfundi Fulltrúaráðs Listahátíðar í Reykjavík, dags. 30.10.2008.

Fundarboð á aðalfundur fulltrúaráðs Listahátíðar 28. nóvember 2023

## Breytingartillögur á Félagssamþykktum fyrir Fulltrúaráð Listahátíðar í Reykjavík.

- Til samþykktar á aðalfundi fulltrúaráðs þann 6. nóvember 2023.

Breytingar eru ýmist merktar **rauðar og yfirstrikaðar (tekið út)** eða **grænar og skáletraðar (bætt við)** eftir því sem við á.

### **Félagssamþykktir** *Samþykktir* fyrir Fulltrúaráð Listahátíðar í Reykjavík

#### 1. gr. Nafn og aðsetur

Heiti félagsins er Fulltrúaráð Listahátíðar í Reykjavík (hér eftir nefnt „fulltrúaráð“). Aðsetur fulltrúaráðsins er í Reykjavík.

#### 2. gr. Markmið

Fulltrúaráð Listahátíðar í Reykjavík er félag samtaka, fyrirtækja og stofnana sem eiga aðild að Listahátíð í Reykjavík.

Markmið félagsins eru:

- Að vera samráðsvettvangur **félagsmanna** *félagsfólks* um hvað eina er lýtur að Listahátíð í Reykjavík,
- Að vera ráðgefandi fyrir stjórn og stjórnanda Listahátíðar í Reykjavík, einkum um langtíamarkmið og stefnu hátíðarinnar,
- Að kjósa einn fulltrúa í stjórn Listahátíðar í Reykjavík til tveggja ára í senn.
- ~~Að kynna félagsmönnum fjárhagsáætlun og ársreikninga Listahátíðar í Reykjavík.~~

#### 3. gr. Félagsaðild

~~Aðild að fulltrúaráðinu eiga stofnanir, samtök, fyrirtæki og aðrir aðilar sem eiga aðild að Listahátíð í Reykjavík. Fulltrúaráð Listahátíðar í Reykjavík er félag samtaka, fyrirtækja og stofnana sem eiga aðild að Listahátíð í Reykjavík.~~ Um aðild að Listahátíð í Reykjavík er sótt til stjórnar Listahátíðar. Hver aðili að Listahátíð í Reykjavík tilnefnir einn aðila til setu í fulltrúaráðinu og annan til vara. Tilnefning gildir þar til tilkynnt er um annað með sannanlegum hætti. Þátttaka stofnana, samtaka og fyrirtækja í starfsemi fulltrúaráðsins er bundin einstaklingum á þeirra vegum sem tilnefndir hafa verið sem fulltrúar þeirra ~~í fulltrúaráðinu.~~

#### 4. gr. Aðildargjöld

Engin aðildargjöld eru greidd beint til fulltrúaráðsins en aðilar þess greiða árgjald til Listahátíðar í Reykjavík eins og þau eru ákvörðuð af stjórn Listahátíðar hverju sinni. Árgjald

skal greitt til Listahátíðar í Reykjavík fyrir 1. september ár hvert. Greiði aðili ekki árgjald tvö ár í röð telst aðild hans að Listhátíð í Reykjavík, og þar með að fulltrúaráðinu, sjálfkrafa fallin úr gildi.

Fulltrúaráð er eingöngu ætlað til samráðs og ráðgjafar vegna stofnunarinnar Listahátíð í Reykjavík, sbr. 2. gr. Fulltrúaráðið hefur því engar fjárreiður á hendi.

## 5. gr. Stjórnskipulag

~~Menntamálaráðherra~~ *Menningarmálaráðherra* og borgarstjórinn í Reykjavík gegna formennsku í fulltrúaráðinu til skiptis, til tveggja ára í senn. Varaformennsku gegna þeir hvor fyrir annan. Ekki er um að ræða önnur embætti í fulltrúaráðinu.

Haldinn er aðalfundur einu sinni á ári fyrir 15. október ár hvert. Til ~~aðalfundar~~ *fundar* er boðað af stjórn *og stjórnendum* Listahátíðar í Reykjavík með tveggja vikna fyrirvara og skal dagskrá og fundargerð síðasta fundar fylgja. Þar fyrir utan skal fulltrúaráð funda eins oft og þurfa þykir til þess að vinna að markmiðum ~~fulltrúaráðs~~ *þess*, sbr. 2. gr. ~~Formaður fulltrúaráðs~~ *Stjórn eða stjórnendur* Listahátíðar boða til þeirra funda með tilkynningu til ~~félagsmanna~~ *félagsfólks*. Hver skuldlaus félagi, sbr. 4. gr. fer með eitt atkvæði á fundum fulltrúaráðs.

## 6. gr. Breytingar á félagssamþykktum

Tillögur um breytingar á félagssamþykktum skulu sendar formanni fulltrúaráðs fyrir 1. september ár hvert og skulu þær lagðar fyrir næsta aðalfund. Framkomnar tillögur skulu kynntar ~~félagsmönnum~~ *félagsfólki* í fundarboði. Breytingar öðlast ekki gildi nema þær séu samþykktar af a.m.k. 2/3 hluta félagsmanna á löglega boðuðum aðalfundi.

## 7. gr. Félagsslit

Fulltrúaráðinu verður aðeins slitið á aðalfundi. Með tillögu um félagsslit skal fara eins og segir í 6. gr.

Þannig samþykkt á aðalfundi Fulltrúaráðs Listahátíðar í Reykjavík, þann ~~30. október 2008~~ *6. nóvember 2023*.

30.10.2008

## **Félagssamþykktir fyrir Fulltrúaráð Listahátíðar í Reykjavík**

### **1. gr. Nafn og aðsetur**

Heiti félagsins er Fulltrúaráð Listahátíðar í Reykjavík (hér eftir nefnt „fulltrúaráð“). Aðsetur fulltrúaráðsins er í Reykjavík.

### **2. gr. Markmið**

Fulltrúaráð Listahátíðar í Reykjavík er félag samtaka, fyrirtækja og stofnana sem eiga aðild að Listahátíð í Reykjavík.

Markmið félagsins eru:

1. Að vera samráðsvettvangur félagsmanna um hvað eina er lýtur að Listahátíð í Reykjavík,
2. Að vera ráðgefandi fyrir stjórn og stjórnanda Listahátíðar í Reykjavík, einkum um langtímamarkmið og stefnu hátíðarinnar,
3. Að kjósa einn fulltrúa í stjórn Listahátíðar í Reykjavík til tveggja ára í senn.
4. Að kynna félagsmönnum fjárhagsáætlun og ársreikninga Listahátíðar í Reykjavík.

### **3. gr. Félagsaðild**

Aðild að fulltrúaráðinu eiga stofnanir, samtök, fyrirtæki og aðrir aðilar sem eiga aðild að Listahátíð í Reykjavík. Um aðild að Listahátíð í Reykjavík er sótt til stjórnar Listahátíðar. Hver aðili að Listahátíð í Reykjavík tilnefnir einn aðila til setu í fulltrúaráðinu og annan til vara. Tilnefning gildir þar til tilkynnt er um annað með sannanlegum hætti. Þátttaka stofnana, samtaka og fyrirtækja í starfsemi fulltrúaráðsins er bundin einstaklingum á þeirra vegum sem tilnefndir hafa verið sem fulltrúar þeirra í fulltrúaráðinu.

### **4. gr. Aðildargjöld**

Engin aðildargjöld eru greidd beint til fulltrúaráðsins en aðilar þess greiða árgjald til Listahátíðar í Reykjavík eins og þau eru ákvörðuð af stjórn Listahátíðar hverju sinni. Árgjald skal greitt til Listahátíðar í Reykjavík fyrir 1. september ár hvert. Greiði aðili ekki árgjald tvö ár í röð telst aðild hans að Listahátíð í Reykjavík, og þar með að fulltrúaráðinu, sjálfkrafa fallin úr gildi.

Fulltrúaráð er eingöngu ætlað til samráðs og ráðgjafar vegna stofnunarinnar Listahátíð í Reykjavík, sbr. 2. gr. Fulltrúaráðið hefur því engar fjárreiður á hendi.

**5. gr.**  
**Stjórnskipulag**

Menntamálaráðherra og borgarstjórinn í Reykjavík gegna formennsku í fulltrúaráðinu til skiptis, til tveggja ára í senn. Varaformennsku gegna þeir hvor fyrir annan. Ekki er um að ræða önnur embætti í fulltrúaráðinu.

Haldinn er aðalfundur einu sinni á ári fyrir 15. október ár hvert. Til aðalfundar er boðað af stjórn Listahátíðar í Reykjavík með tveggja vikna fyrirvara og skal dagskrá og fundargerð síðasta fundar fylgja. Þar fyrir utan skal fulltrúaráð funda eins oft og þurfa þykir til þess að vinna að markmiðum fulltrúaráðs, sbr. 2. gr. Formaður fulltrúaráðs boðar til þeirra funda með tilkynningu til félagsmanna. Hver skuldlaus félagi, sbr. 4. gr. fer með eitt atkvæði á fundum fulltrúaráðs.

**6. gr.**  
**Breytingar á félagssamþykktum**

Tillögur um breytingar á félagssamþykktum skulu sendar formanni fulltrúaráðs fyrir 1. september ár hvert og skulu þær lagðar fyrir næsta aðalfund. Framkomnar tillögur skulu kynntar félagsmönnum í fundarboði. Breytingar öðlast ekki gildi nema þær séu samþykktar af a.m.k. 2/3 hluta félagsmanna á löglega boðuðum aðalfundi.

**7. gr.**  
**Félagsslit**

Fulltrúaráðinu verður aðeins slitið á aðalfundi. Með tillögu um félagsslit skal fara eins og segir í 6. gr.

Þannig samþykkt á aðalfundi Fulltrúaráðs Listahátíðar í Reykjavík, þann 30. október 2008.



Reykjavík, 14. nóvember 2023

Til aðildarfélaga fulltrúaráðs Listahátíðar í Reykjavík

## Fundarboð

Aðalfundur fulltrúaráðs Listahátíðar í Reykjavík verður haldinn í Safnahúsinu, Hverfisgötu 15, þriðjudaginn 28. nóvember 2023, klukkan 15.15-17.00. Fundargestir eru velkomnir frá kl. 15:00.

### Dagskrá:

1. Formaður fulltrúaráðs, Lilja Alfreðsdóttir, ráðherra, setur fundinn.
2. Fundargerð síðasta fundar fulltrúaráðs borin upp til samþykktar.
3. Skýrsla stjórnar.  
Sigtryggur Magnason, formaður stjórnar.
4. Skýrsla listræns stjórnanda.  
Vigdís Jakobsdóttir, listrænn stjórnandi.
5. Ársreikningur Listahátíðar í Reykjavík 2022, 9 mánaða uppgjör 2023 kynnt ásamt rekstraráætlun 2023-2024.  
Fjóra Dögg Sverrisdóttir, framkvæmdastjóri.
6. Árgjald Listahátíðar í Reykjavík 2023.
7. Breytingar á félagasamþykktum fyrir fulltrúaráð Listahátíðar.  
Tryggvi M. Baldvinsson, stjórnarmaður.
8. Umsókn(ir) um aðild að fulltrúaráði Listahátíðar í Reykjavík.
9. Önnur mál.

Vinsamlega staðfestið komu ykkar til skrifstofu Listahátíðar á netfangið [artfest@artfest.is](mailto:artfest@artfest.is).

Tilkynnið einnig ef félag/stofnun hefur skipað nýjan fulltrúa og/eða varafulltrúa. Aðeins skráðir fulltrúar hafa kosningarétt á fundinum.

Hjálögð með fundarboði er ósamþykkt fundargerð fulltrúaráðsfundar Listahátíðar í Reykjavík frá 20. október 2022 og breytingatillögur á samþykktum fulltrúaráðs.